



UMSÖGN

Viðtakandi: Innviðaráðuneytið
Sendandi: Skrifstofa borgarstjórnar

Umsögn Reykjavíkurborgar um drög að reglugerð um íbúakosningar sveitarfélaga

Reykjavíkurborg þakkar fyrir tækifærið til að koma á framfæri athugasemdum um drög að reglugerð um íbúakosningar sveitarfélaga. Umsögn þessi er unnin af starfsfólki skrifstofu borgarstjórnar sem hefur miðlæga umsýgn með framkvæmd almennra kosninga fyrir hönd Reykjavíkurborgar.

Fylgiskjal með drögum hefst á orðunum „Þær meginreglur sem gilda um framkvæmd íbúakosninga sveitarfélaga eftir framangreindar lagabreytingar eru eftirfarandi“. Æskilegt hefði verið að listi yfir þær lagabreytingar hefði fylgt með drögum.

1. grein

Í greininni er kveðið á um að landskjörstjórn láti sveitarfélögum í té atkvæðakassa og innsigli en einu kjörgögnin sem talað er um að skuli innsigla eru ónotaðir kjörseðlar. Það er í talsverðu ósamræmi við framkvæmd allra annarra kosninga.

Mögulega er tilefni til að áréttta hér að reglugerðin nái einnig til íbúakosninga sem boðað er til vegna undirskriftasöfnunar skv. 108. gr. sveitarstjórnarlaga. Þá má taka afstöðu til þess hvort sömu reglur gildi um ábyrgðaraðila undirskriftasöfnunar og um frambjóðendur, þ.e. hvort þeir eigi rétt á umboðsmanni, hvort þeir megi aðstoða kjósendur o.þ.h.

3. grein

Í e-lið segir: „Þegar Þjóðskrá Íslands hefur auglýst gerð kjörskrár“ en af d-lið að dæma er ekki gert ráð fyrir að Þjóðskrá auglýsi gerð kjörskrár heldur tilkynni sveitarfélagi um hana sem sjái um að auglýsa hana.

4. grein

Í greininni er tiltekið að leiðréttingar á kjörskrá megi gera „þar til atkvæðagreiðsla hefst“. Í núgildandi kosningalögum (32. gr.) er sambærilegt ákvæði, nema þar er kveðið á um að hægt sé að gera leiðréttingar á kjörskrá fram á kjördag. Reykjavíkurborg vill leggja til að leiðréttingar megi gera á kjörskrá fram að lokum atkvæðagreiðslu eins og í öðrum kosningum. Íðulega gerist það að gera þarf leiðréttingar á kjörskrá á kjördegi við almennar kosningar í Reykjavík, og engin augljós ástæða til að ætla að hið sama eigi ekki við um íbúakosningar.

5. grein

Í greininni er heimildarákvæði til að fela yfirkjörstjórn sem kosin er á grundvelli kosningalaga hlutverk kjörstjórnar við íbúakosningar. Í ljósi þess að yfirkjörstjórnir kjördæma eru einnig



kosnar á grundvelli kosningalaga færi betur á því að taka fram að átt sé við yfirkjörstjórnir sveitarfélaga.

Í greininni segir: „Ágreiningi um hæfi kjörstjórnarmanns og fulltrúa í landskjörstjórn má skjóta til ráðuneytisins, sbr. 19. gr.“ Þetta orðalag er tekið úr kosningalögum en þar sem landskjörstjórn hefur litla sem enga aðkomu að stjórnsýslu íbúakosninga ætti að fjarlægja vísun um ágreining um hæfi landskjörstjórnarfulltrúa. Þá ætti væntanlega að vísa í 21. gr. sem fjallar um kærur en ekki 19. gr.

9. grein

Í a-lið hefur orðið *mati* fallið brott; „eða á annan fullnægjandi hátt að þeirra sem sinna atkvæðagreiðslunni“.

10. grein

Óhjákvæmilegt er að velta fyrir sér hvort heimild sem tilgreind er í 133. gr. sveitarstjórnarlaga um að viðhafa póstkosningu við íbúakosningar renni nægilega styrkum stoðum undir þá skyldu sveitarstjórna að viðhafa póstkosningu við kosningar sem fara fram eftir 107., 108. og 119. grein fyrrgreindra laga.

Þá væri gott að skýrara væri að á fylgibréfi við póstkosningu geta 3. og 5. liður ekki átt við á sama tíma. Þegar kjósandi nýtur aðstoðar er honum ekki mögulegt að lýsa því yfir að hann hafi kosið án aðstoðar.

11. grein

Samkvæmt j-lið skal kjörstjórn halda skrá um aðstoðarmenn kjósenda meðal annars í þeim tilgangi að hafa eftirlit með því að hver aðstoðarmaður aðstoði ekki fleiri en þrjá. Reykjavíkurborg vill benda á að eftirlit með því er flókið í framkvæmd í stórum sveitarfélögum þar sem kjörstaðir eru margir.

12. grein

Í g-lið þessarar greinar er gert er ráð fyrir að yfirferð fylgiseðla póstatkvæða fari ekki fram fyrir en talning er hafin. Reykjavíkurborg telur mjög mikilvægt að þetta verði fært til sama horfs og kveðið er á um í kosningalögum hvað varðar utankjörfundaratkvæði, þ.e. að þessi vinna væri hluti af undirbúningi og flokkun fyrir talningu og að bráðabirgðarannsókn mætti fara fram fyrir líkt og kveðið er á um í 4. mgr. 92. gr. kosningalaga. Eins og ákvæðið stendur nú er ljóst að talning yrði afar tímafrek, þar sem yfirfara þyrfti fylgiseðla og kanna hvort kjósandi sem sent hefur póstatkvæðið hafi kosið á kjörfundi í sjálfri talningunni.

13. grein

Í e-lið segir: „Ef ágreiningur verður innan kjörstjórnar um hvort atkvæði telst gilt, skal kjörstjórn úrskurða um það.“ Vandséð er með hvaða hætti kjörstjórn á að úrskurða um eigin ágreining. Ef ætlunin er að greidd séu atkvæði ef ágreiningur kemur upp um gildi atkvæðis færi betur á því að það væri skýrt.



Reykjavíkurborg

17. grein

Í b-lið er áskilið að sveitarstjórn skuli gera atkvæðaseðil við kosningu um sameiningu sveitarfélaga en ekki kemur fram hvaða sveitarstjórn af þeim tveimur eða fleirum sem að sameiningunni koma.

Virðingarfyllt,

Helga Björk Laxdal
Hildur Lilliendahl Viggósdóttir
Bjarni Þóroddsson
Páll Hilmarsson